

ENDURSKOÐUN SÓKNARÁÆTLUNAR



Nú rétt fyrir mánaðarmót lauk fundarröð starfsmanna SSNE með kjörnum fulltrúum og framkvæmdarstjórum sveitarstjórna landshlutans þar sem breytingar á gildandi sóknaráætlun voru kynntar og ræddar. Þetta er liður í nýútgefni kynningaráætlun Sóknaráætlunar Norðurlands eystra sem er ætlað að tryggja almennari vitund og áhuga á þeim áherslum sem fram koma í stefnuskipli landshlutans. Áhugi og aðkoma kjörinna fulltrúa í mótun sóknaráætlunar og þeirrar aðgerðaáætlunar sem henni fylgir eru gríðarlega mikilvæg enda geta öll aðildarsveitarfélög SSNE með þessum hætti komið sínum áherslum og hugmyndum á framfæri og haft þannig áhrif á störf samtakanna með beinum hætti.

Fundirnir 12 sem haldnir voru, fóru fram á Zoom vegna samkomutakmarkana en við höldum í vonina um að geta heimsótt sveitarfélögin í haust um leið og við höldum íbúafundi og heimsækjum fyrirtæki á svæðinu. Áhugaverðar umræður og gagnlegar ábendingar komu fram frá þeim fundargestum sem höfðu kynnt sér gögnin fyrir fund.

Breytingarnar voru einnig kynntar og samþykktar á ársþingi SSNE í apríl og var almenn ánægja með þá vinnu sem lögð var í endurskoðunina. Sóknaráætlunin ásamt aðgerðaáætlun þykir nú einfaldari og gerlegri til eftirfylgni auk þess sem áhersla er lögð á reglubundnar árangursmælingar sem veita bæði aðhald og upplýsingar um framgang þeirrar uppbyggingar sem unnið er að. Tillögur til frekari breytinga á sóknaráætlun þarf að senda skriflega á helgamaria@ssne.is og eythor@ssne.is en tillögur og athugasemdir við aðgerðaáætlun sóknaráætlunar má senda hvenær sem er á ssne@ssne.is eða á einstaka starfsmenn samtakanna.

[Hér](#) er hægt að skoða endurskoðaða sóknaráætlun Norðurlands eystra 2020 - 2024. [Hér](#) er hægt að skoða aðgerðaáætlun sóknaráætlunarinnar. **Hér eru endurskoðuð markmið núgildandi sóknaráætlunar:**



Atvinnuþróun og nýsköpun	Menning	Umhverfismál
Bæta samgöngur innan landshlutans sem og til landshlutans	Tryggja fjölbreytileika menningarstarfs með áherslu á aðgengi ólíkra hópa að menningu og menningararfi	Marka framtíðar- og heildarsýn landshlutans í umhverfismálum
Styrkja innviði landshlutans	Efla samvinnu menningarstofnana og kynningu á menningarstarfi í landshlutanum	Efla staðbundna þekkingu á svæðinu í umhverfismálum
Standa vörð um hagsmuni jaðarbyggða	Fjölga atvinnutækifærum listafólks á svæðinu	Leggja okkar af mörkum til að mæta skuldbindingum Íslands varðandi bindingu á CO2
Efla fjölbreytt atvinnulíf og stuðla að nýsköpun á öllu svæðinu	Styðja við listsköpun	Koma til móts við þau markmið sem sett eru fram í landsáætlun varðandi meðferð úrgangs
Sérstök áhersla er lögð á matvælatækni, velferðartækni, frumvinnslugreinar, ferðaþjónustu, og norðurslóðamál		Að útteiling fjármuna í landshlutanum sé í takt við umhverfismarkmið

VILTU HAFNA ÁHRIF Á MÓTUN SÓKNARÁÆTLUNAR?

SSNE óskar eftir fulltrúum í **samráðsvettvang** vegna Sóknaráætlunar Norðurlands eystra.

Samráðsvettvangurinn skal hafa beina aðkomu að gerð og endurskoðun sóknaráætlunar landshlutans og vera upplýstur um framgang hennar a.m.k. árlega. Afar mikilvægt er að heyra raddir sem flestra og hvetjum við því ungt fólk og fólk af ólíkum uppruna sérstaklega til að gefa kost á sér.

Sóknaráætlun Norðurlands eystra er stefnuskipli sem felur í sér stöðumat landshlutans, framtíðarsýn og markmið í tilgreindum málaflokkum ásamt skilgreindum leiðum að markmiðunum. Helstu málaflokkar sóknaráætlunar eru atvinnuþróun og nýsköpun, menningar- og umhverfismál. Fjármagn, sem varið er til verkefna í þessum málaflokkum, tekur mið af áherslum sóknaráætlunar hverju sinni.

Þú finnur allt um [Uppbyggingarsjóðinn](#), [sóknaráætlun](#) og [áhersluverkefni](#) á ssne.is. [Hér](#) getur þú gefið kost á þér í samráðsvettvanginn.

STYRKIR TIL VERKEFNA Á NORÐURLANDI EYSTRA

8 styrkir til uppbyggingar á Betri Bakkafirði

Tanginn við ysta haf, frísbíggjufélag og pizzagerð eru á meðal þeirra 8 verkefna sem hlutu styrk úr verkefninu Betri Bakkafjörður en alls var úthlutað tæpum 14 m.kr. til samfélagsefandi verkefna. [Lesu frétt.](#)

Eyrarrósin

[Boreal Screendance Festival](#), [Akureyri](#) og [Röstin gestavinnustofa, Þórshöfn](#) voru á meðal verkefna sem hlutu Hvatningarverðlaun Eyrarrósarinnar 2021. Hjóta þau hvert um sig verðlaunafé að upphæð kr. 750.000 auk gjafakorts frá Icelandair að upphæð kr. 100.000. [Lesu frétt](#)

Barnamenningarsjóður

Þrjú verkefni á Norðurlandi eystra hlutu styrk úr Barnamenningarsjóði sem úthlutað var úr 28.maí sl. Ásdís Arnardóttir, í samstarfi við Barnakór Akureyrarkirkju og Dansstúdíó Alice, hlaut 720,000 kr. fyrir tónlistarverkefnið "Sögur af draugnum Reyra". Listasafnið á Akureyri hlaut 1,200,000 kr. fyrir "Allt til enda - listvinnustofur barna" og Svalbarðsstrandarhreppur fékk 1,000,000 kr. fyrir Tímahylkið sem er spennandi verkefni þar sem munum er safnað í kassa sem verður varðveittur á Minjasafni Akureyrar og opnaður að 50-70 árum liðnum. [Lesu frétt](#)

Lóan

Í gær 7 verkefni á Norðurlandi eystra hlutu styrk úr Lóunni sem úthlutað var úr 31. maí sl. Þetta verður að teljast viðunandi árangur en alls voru 29 verkefni sem hlutu styrk á landsvísi en til úthlutunar voru 147 m.kr. Þar af voru 39,5 m.kr. sem komu í hlut styrkra verkefna í okkar landshluta sem við erum að vonum mjög ánægð með. Þar á meðal voru Velferðartæknimiðstöð á NE (10 m.kr), þróun á lífplasti úr Cyanobakteríum (8 m.kr.), hringrás nýsköpunar á Norðurlandi (7 m.kr) og kolefnisfrítt eldstneyti úr vistvænni orku (6 m.kr). [Lesu frétt](#)

Atvinnumál kvenna

Jenný Karlsdóttir hlaut styrk fyrir gerð viðskiptaáætlunar vegna rannsóknarstofu handverks en beðið er frekari upplýsinga frá Vinnumálastofnun um skiptingu styrkja eftir landshlutum. [Lesu frétt](#)

Tækniþróunarsjóður Rannís

Alls voru 5 verkefni á Norðurlandi eystra (af 72) sem fengu úthlutað úr vorúthlutun Tækniþróunarsjóðs, en þau eru Snoðbreiða: verðlital ull verður verðmæt, Fiskvinnsla - Næsta kynslóð, NordPlast, Ylur: Hátæknigróðurhús á Norðurlandi og Ný meðferð við arfgengri íslenskri heilablæðingu. [Lesu frétt](#)

UMSÓKNARFRESTIR STYRKJA

Matvælasjóður:

Umsóknarfrestur til 6.júní.

[Sérstakur kynningarfundur](#) verður haldinn á netinu 3.júní.

Markaðssjóður sauðfjárafurða:

Umsóknarfrestur til 6.júní

Rannsóknarsjóður:

Umsóknarfrestur til 15.júní

NÝTT BÍLAVERKSTÆÐI Á ÞÓRSHÖFN

SSNE fær stundum þau skemmtilegu verkefni að aðstoða athafnafólk á svæðinu við rekstrar- og kostnaðaráætlunir í tengslum við stofnun eða kaup á fyrirtæki. Verkefnisstjórar aðstoðuðu á dögnum hjónin Hjört Harðarson og Bergrúnu Guðmundsdóttir, nýja eigendur bílaverkstæðis á Þórshöfn, með slíka vinnu.

Það er ómetanlegt fyrir samfélög eins og Langanesbyggð að til sé fólk sem er reiðubúið að stofna eða viðhalda nauðsynlegri þjónustu á staðnum. Verkstæðið mun taka að sér allar almennar bílavíðgerðir, og er það kærkomið fyrir íbúa Langanesbyggðar að verkstæðið hafi fengið nýja eigendur. Við óskum þeim hjónum hjartanlega til hamingju með framtíkið og kaupin.

AÐSTOÐ VIÐ UMSÓKNIR Í MATVÆLASJÓÐ

Landshlutasamtökin boða til opins kynningarfundar um Matvælasjóð, fimmtudaginn 3. júní kl. 13.00.

Hlutverk Matvælasjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum. Áhersla sjóðsins er á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu um land allt. Markmið Matvælasjóðs er að ná til verkefna á öllum stigum, allt frá hugmyndum til markaðssetningar og hagnýtra rannsókna.

Fundurinn fer fram á Zoom þar sem hægt verður að taka þátt í umræðum og spurja spurninga en kynningunni verður einnig streymt á Faceook.

Hlekkur á fundinn er [hér](#)

Við hvetjum alla umsækjendur jafnframt til að hafa samband við ráðgjafa SSNE til að fá aðstoð við umsóknarskrif.

Hægt er að bóka aðstoð hjá Baldvin (baldvin@ssne.is) og Rebekku (rebekka@ssne.is)



Matvælasjóður



FÁMENNT EN GÓÐMENNT

Fámennt en góðmennt er heiti verkefnis Svavars Knúts listamanns. Hann hefur á síðustu vikum heimsótt byggðarlög sem hafa verið skilgreind sem brothættar byggðir í landshlutanum hvort sem þær eru í verkefninu núna eða hafa lokið verkefninu formlega.

Svavar hefur heimsótt Bakkafjörð, Raufarhöfn, Öxarfjörð og Hrísey í þessari atrennu. Grímsey bíður þeirra næstu. Fyrst og fremst snýr verkefnið að því að vera með tónleika fyrir börn og eldri borgara.

Hægt er að kynna sér verkefnið betur á appi Byggðastofnunar, Byggðalínunni [hér](#)



Svavar Knútur í Grunnskólanum á Raufarhöfn

UNGIR SEMJA, FULLORÐNIR FLYTJA



Tónleikar Upptaktsins, tónsköpunarverðlauna barna og ungmenna fóru fram í Menningarhúsinu Hofi 9. maí síðastliðinn.

Upptakturinn gefur ungu fólki tækifæri til að vinna að hugmyndum sínum með flutningi listafólks. Níu unghöfundar voru valdir til að vinna með listafólki að útsetningu laganna og var afraksturinn fluttur í Hofi. Unghöfundarnir voru allir á aldrinum 12-15 ára.

Upptakturinn er eitt af áhersluverkefnum SSNE 2021. [Sjá nánar hér.](#)

ÁRLEGUR FUNDUR MENNINGARFULLTRÚA

20-21. maí var fundur menningarfulltrúa landshluta haldinn á Suðurnesjum sem einkenndist af gagnlegum fundum, áhugverðum kynningum og skemmtilegum heimsóknunum. Allt var þetta vel skipulagt af Samtökum sveitarfélaga á Suðurnesjum en [hér](#) er hægt að lesa nánar um dagskrá fundarins.

Meginefni fundarins var umræða um hlut menningar í byggðaaætlun sem nú er í endurskoðun og umsagnarferli. Samþykkt var á fundinum að senda inn tillögur að breytingum á hvítbók um byggðaaætlun. Í umsógn kemur fram að menningarfulltrúar landshluta fagni vinnu og endurskoðun vegna hvítbókar en lýsa vonbrigðum með hve menningarmál séu fyrirferðarlítill þar og kalla eftir úrbótum.

BETRI BAKKAFJÖRÐUR FÆR NÝJAN VERKEFNASTJÓRA



SSNE býður velkominn Gunnar Mátsson, nýráðinn verkefnastjóra Betri Bakkafjarðar en Ólafur Áki Ragnarsson lauk sínum störfum 31.maí.

Gunnar, sem ættaður er framan úr Eyjafirði, hefur starfað á skrifstofu rektors Háskólans á Akureyri sem verkefnastjóri fyrir Rannsóknarþing Norðursins, verið aðjúnkt við Hug- og félagsvísindasvið HA, starfað sem sérfræðingur við stofnun Vilhjálm Stefánssonar og verið skrifstofustjóri Alþjóðlegu Norðurskautsvisindanefndarinnar. Einnig hefur Gunnar Mátsson starfað sem hóteltstjóri.

Hann er með gráðu í heimskautsfræðum frá Háskólanum í Cambridge og MA í íslenskum fræðum frá HÍ. Þá tók hann eina önn í Hjaltlands- og Orkneyjarfræðum við skoskan háskóla, University of the Highlands and the Islands en á þeim tíma fluttist hann með konu sinni og tveimur börnum til Orkneyja þar sem þau bjuggu í tæpt ár.

Það er einmitt áhugi hans á smærri samfélögum, bæði hér á landi og á Norðurlöndum sem vakti áhuga hans á að vinna að þeirri uppbyggingu sem fer fram í verkefninu Betri Bakkafjörður. Aðspurður sagði hann mikilvægt að standa vörð um fjölbreytni í byggðalögum, sem og innan byggðalaga, að sækja fram og skapa tækifæri. Norðausturhorn landsins telur hann eitt af skemmtilegri svæðum landsins og er að eigin sögn spenntastur fyrir ferðaþjónustumöguleikunum á svæðinu sem og tækifærum til uppbyggingu rannsókna og vísindastarfs sem hefur beina tengingu í reynslu og bakgrunn hans.

Verkefnið Betri Bakkafjörður hefur verið framlengt til loka árs 2023 en hægt er að lesa meira um verkefnið [hér](#).

Gunnar hefur störf eftir sumarfrí en fram að því veitir Rebekka Kristín Garðarsdóttir aðstoð vegna mála sem varða Betri Bakkafjörð. Hægt er að ná í Rebekku í síma 852 2161 eða rebekka@ssne.is.

TVÖ LAUS STÖRF HJÁ SSNE

SSNE leitar að tveimur einstaklingum til að ganga til liðs við teymið okkar en opnar stöður eru í boði á Húsavík annars vegar og í Ólafsfirði hins vegar.

Mögnum Ráðningum sér um ráðningarferlið og eru stöðurnar auglýstar þar með upplýsingum um helstu hæfnikröfur og verkefni sem viðkomandi mun vinna að.

[Staðan á Húsavík](#)
[Staðan í Ólafsfirði](#)



NÝSKÖPUNARVIKAN

SSNV og SSNE taka þátt í Nýsköpunarvikunni þetta árið undir yfirskriftinni „Nýsköpun á Norðurlandi“. Vikan samanstendur af þremur stærri viðburðum sem allir fara fram á rafrænu formi. Vikan hófst miðvikudaginn 26. maí og lýkur 2. júní.

Hádegisstreymi verða alla virka daga klukkan 12:00 þar sem gestir mæta og segja frá nýsköpun í sínu fyrirtæki eða stofnun. Menntamál, ferðaþjónusta, hönnun, listir og matvælaframleiðsla verða í sviðsljósinu þessi hádegisstreymi.

Íbúum verður boðið í **Nýsköpunarferðarlag um Norðurland** þar sem búið er að búa til landakort með staðsetningu frumkvöðlasetra eða þekkingarmiðstöðva og myndband með heimsókn í hvert þeirra þar sem forstöðufólk er tekið tali og aðstaðan könnuð.

Hugmyndaþorp Norðurlands var svo opnað 27. maí þar sem öllum með hugmyndum um fullvinnslu afurða er boðið upp í dans í mótun hugmynda. Í lok vikunnar verða svo nokkrar hugmyndir verðlaunaðar og þeim boðinn stuðningur við áframhaldandi mótun.

Allir eru velkomnir á viðburðina sem munu lifa áfram í boði tækninnar og hægt að finna þá á heimasíðum SSVN og SSNE. Hægt er að finna öll streymi og viðburði á Facebook viðburðinum [Nýsköpun á Norðurlandi](#).



VINNUSTOFA Í LOFTLAGSMÁLUM

Umhverfisnefnd SSNE stóð nýlega fyrir vinnustofu á Fosshótel Húsavík, varðandi gerð Loftslagsstefnu sveitarfélaga en skv. breytingum á lögum um loftslagsmál frá júní 2019 er sveitarfélögum skylt að setja sér slíka stefnu. Á vinnustofuna var boðið sveitar- og bæjarstjórum, sviðsstjórum, umhverfisstjórum og öðru starfsfólki sem vinnur við umhverfis- og loftslagsmál hjá aðildarfélögum SSNE.



Mæting var góð og umræður sem mynduðust þarfar fyrir framhaldið. Fyrir hádegi var Snjólaug Ólafsdóttir ráðgjafi hjá EY í loftslagsmálum með almenna fræðslu varðandi sjálfbærni og loftslagsmál.

Einnig fór hún yfir þær áherslur sem stefna og aðgerðir sveitarfélaganna þurfa að innifela og ræddi þau tækifæri sem felast í aukinni sjálfbærni sveitarfélaganna. Hún lagði líka áherslu á það að sveitarfélögin gerðu sér grein fyrir að stefnan verði að styðja við hlutverk og skyldur sveitarfélaga og að hafa þyrfti í huga ólíka styrkleika hvers sveitarfélags.

Eftir hádegi var umræðuvettvangur þar sem forsvarsfólk sveitarfélaganna sagði frá þeirri vinnu sem hefur nú þegar farið fram hjá þeim varðandi gerð umhverfis- og loftslagsstefnu ásamt því að rætt ver um hvernig samvinna meðlima SSNE varðandi þessi mál getur þróast áfram.

Í framhaldi af vinnustofunni mun SSNE skoða enn frekar hvernig hægt er að miðla efni með góðum hætti bæði til starfsfólks og kjörinna fulltrúa.

Á myndinni sést Snjólaug ræða um heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun

GERÐ SAMGÖNGUSTEFNU



Gengið hefur verið frá samningi við RHA um gerð samgöngustefnu Norðurlands eystra en verkefnið er eitt af áhersluverkefnum SSNE 2021.

Markmið verkefnisins er að greina nauðsynlegar vegaframkvæmdir eða samgöngukosti sem varða starfssvæði SSNE þannig að unnt sé að forgangsraða þessum kostum kerfisbundið með hag almennings, atvinnu- og efnahagslífi landshlutans í huga. Mikilvægt er fyrir landshlutann að koma sameinaður út á við með eigin forgangsröðun á samgöngukostum.

Margir samgöngukostir eru þegar komnir á langtímasamgönguáætlun, aðrir hafa verið í umræðunni í lengri eða skemmri tíma án þess að hafa komist á áætlunarstig og loks er líklegt að fram geti komið kostir sem hafa lítt eða ekkert verið reifaðir. [Sjá nánar hér](#)

ALMENNINGSSAMGÖNGUR- KÖNNUN

SSNE biður íbúa frá Bakkafirði að Tjörneshöfðum að svara könnun sem er ætlað að kanna og kortleggja mögulegar almenningssamgöngur á svæðinu, meta þörf á slíkum samgöngum og hvaða lausnir henta íbúum best.

Könnunin er hluti af verkefni sem hlaut styrk úr Byggingaráætlun árið 2020 þar sem kanna á samlegð póst- og farþegaflutninga.

Könnunina má finna [hér](#).



MINNKAÐ KOLEFNISSPOR SSNE

Í mars sl. tókum við hjá SSNE upp rafrænar undirskriftir sem hafa aldeilis sparað okkur sporin. Þetta er hluti af aukinni umhverfisvitund samtakanna en á fyrstu 2 mánuðunum höfum við sparað yfir 11 þús eigna kílómetra í 169 bílferðum sem minnkar kolefnisspor samtakanna um 1,51 tonn skv. mælingum Taktikal.is.

Þannig voru samningar vegna allra verkefna sem hlutu styrki úr Uppbyggingarsjóðnum ásamt áhersluverkefnum SSNE 2021 undirritaðir rafrænt og var meðaltími undirskriftarferilsins, frá því að samningur var sendur til styrþega þar til allir aðilar höfðu undirritað skjalið og fengið af því fullgilt eintak, innan við 24 klst! Þar af voru 26.1% samninga undirritaðir á innan við 10 mínútum.

Þetta skilar sér í aukinni hagræðingu, tímasparnaði og skilvirkni samstarfs samtakanna við alla hagaðila sem eykur ánægju og hamingju allra. Í nýendurskoðaðri sóknaráætlun landshlutans er hamingju íbúa gert hátt undir höfði og þar vonum við að bætt þjónusta og lækkað kolefnisspor spili inn í.

SAMTALIÐ

Ágrip frá framkvæmdastjóra

Mikið og gott starf hefur verið unnið hjá SSNE undanfarnar vikur í því að kynna fyrir sveitarstjórnum Sóknaráætlun Norðurlands eystra en sem kunnugt er var hún lögð fram endurskoðuð á ársþingi SSNE í apríl og samþykkt. Það er grundvallaratriði að sveitarstjórnarfólk gefi sér tíma til að skoða þessa mikilvægu áætlun og hafa skoðun á henni, en hún er leiðarljós okkar í því mikilvæga starfi sem hér er unnið.

Það eru talsverðar breytingar í starfsmannahópnum okkar um þessar mundir. Ólafur Áki Ragnarsson, verkefnastjóri í verkefninu „Betri Bakkafjörður“ lætur af störfum 1. júní en það er í samræmi við ráðningarsamning sem hann kaus að framlengja ekki. Á þeim tíma sem þetta mikilvæga verkefni hefur verið í gangi hefur margt áunnist og Ólafur Áki getur gengið stoltur frá því verki. Við þökkum Ólafi Áka fyrir gott og árangursríkt samstarf og óskum honum velfarnaðar í framtíðinni. Búið er að ráða verkefnastjóra í stað Ólafs Áka en það er Gunnar Már Gunnarsson eins og áður hefur komið fram.

Vigdís Rún Jónsdóttir, verkefnastjóri menningarmála lét af störfum 7. maí en hún er að taka við starfi verkefnastjóra sýninga hjá Listasafni Íslands. Við þökkum Vigdísi fyrir ánægjulegt samstarf og hennar góða starf í þágu menningar í landshlutunum og óskum henni velfarnaðar í nýju starfi. Einnig er Baldvin Valdemarsson sviðsstjóri atvinnu- og byggðaðrúningar að láta af störfum hjá okkur í sumar en hann tekur við starfi forstöðumanns Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri seinna í ágúst. Vegna þessara breytinga er SSNE nú að auglýsa tvær stöður, annars vegar starf verkefnastjóra menningarmála á Húsavík sem einnig kemur að atvinnuráðgjöf og nýsköpun og hins vegar starf verkefnastjóra í teymi atvinnuþróunar og nýsköpunar í Ólafsfirði.

SSNE hefur ekki verið með starfsstöð á Tröllaskaga en nú mun það breytast með tilkomu skrifstofu í Ólafsfirði og á Dalvík. Starf verkefnastjóra þar er samstarfsverkefni SSNE annars vegar og Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar hins vegar. Verkefnastjórinn mun annast tiltekin verkefni fyrir sveitarfélögin samhliða störfum fyrir SSNE. Mjög góð reynsla er af slíku samstarfi t.d. á Raufarhöfn en verkefnastjóri SSNE þar er jafnframt starfsmaður Norðurlþings. Hefur samstarfið verið gagnlegt og árangursríkt. Öflug tenging fæst við svæðið í gegnum verkefnastjóran og upplýsingaflæði á milli er mjög gott. Það er SSNE mikilvægt að hafa slíkar tengingar og þess vegna er það mikið gleðiefni að sjá nú hilla undir opnun starfsstöðvar SSNE á Tröllaskaga. Starfssvæði okkar er víðfeðmt og mikilvægt er að starfsemin dreifist um svæðið til að auka á nálægð og aðgengi að okkur. Við hlökkum til samstarfsins með sveitarfélögunum á Tröllaskaga á þessum vettvangi.

Nú er hafin vinna við að fara í gegnum skjöl félaganna þriggja sem sameinuðust í SSNE. Um er að ræða nokkuð umfangsmikið verkefni en umtalsvert magn skjala stendur eftir sem finna þarf farveg, ýmist farga, senda til skjalasafns eða varðveita hjá okkur. Við fengum til okkar starfskraft í gegnum úrræði Vinnumálastofnunar „Hefjum störf“ til að annast það verkefni. Við erum mjög ánægð með að geta tekið þátt í því verkefni og ávinningur bæði SSNE og viðkomandi starfsmanns er mikill.

Núna er sumarið mætt með öllu því góða og notalega sem því fylgir. Faraldurinn er á undanhaldi og bólusetningar ganga hratt og vel. Ferðamenn eru farnir að sjást víða og þeim fjölgar hratt. Við trúum því að ferðaþjónustan fái byr undir báða vængi á næstu vikum og hér sé allt á uppleið.

Með kærri kveðju,

Eypór Björnsson

Viðverutímar starfsmanna

Húsavík - Baldvin og Ari Páll eru þar mán-fim milli klukkan 9:00 og 15:00 en til kl. 14.00 á föstudögum í kjölfar styttingu vinnuvikunnar sem tók gildi 1.janúar 2021. Silja er við á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum en skiptir nú tíma sínum á milli Húsavíkur og **Skútustaðahrepps** þar sem hún er annan miðvikudag og fimmtudag í hverjum mánuði. Eypór er á Húsavík tvo daga í viku þegar Covid leyfir. Meginreglan er að hann sé þar miðvikudaga og fimmtudaga en það er nokkuð breytilegt eftir dagskrá hverrar viku.

Akureyri - Elva, Rebekka og Helga María eru þar mán-fim á milli klukkan 9:00 og 15:00 og fös til kl. 14:00.

Bakkafjörður - Nýr starfsmaður hefur störf þar í ágúst en í millitíðinni má beina fyrirspurnum í ssne@ssne.is og í síma 464 5400.

Raufarhöfn - Nanna Steina er við mán-fim milli klukkan 9:00 og 15:00.

Vinsamlegast nýtið ykkur síma eða tölvupóst til að skipuleggja fundi því þó svo viðvera sé tiltölulega föst þá er betra að tryggja að starfsfólks sé til staðar. Allar tenglaupplýsingar má finna [hér](#).